

## Tilkynning frá forseta kirkjubings nr. 3/2022

### Kirkjubing 2022 – 2023

#### 1. Þingsetning, kosning kjörbréfanefndar og forseta kirkjubings. Starfstími þingsins.

Kirkjubing 2022 – 2023 verður sett í Háteigskirkju, fyrsta vetrardag, **laugardaginn 22. október 2022, kl 10**. Að setningu lokinni verður boðið upp á léttar veitingar í Þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar (biskupsstofa/rekstrarstofa kirkjunnar), Katrínartúni 4, 3. hæð, Reykjavík. Almenn þingstörf fara fram í fundarsalnum Þingvöllum í Þjónustumiðstöð þjóðkirkjunnar að Katrínartúni 4, 3. hæð, Reykjavík.

Á fyrsta fundi þingsins er kosin kjörbréfanefnd sem fer yfir kjörbréf þeirra sem hlutu kosningu. Að afloknum störfum kjörbréfanefndar er forseti kirkjubings og tveir varaforsetar kosnir úr röðum leikmanna. Um þingstörf á fyrsta fundi fer síðan eftir [starfsreglum](#) um þingsköp kirkjubings nr. 10/2021. Gera má ráð fyrir að þingið starfi í allt að 4 daga. Þá verður þinginu frestað og því væntanlega fram haldið í mars- eða aprílmánuði 2023. Fastar þingnefndir starfa á milli þingfundanna.

#### 2. Námskeið fyrir fulltrúa og aðra þá sem eiga seturétt á kirkjubingi.

Fyrirhugað er að halda námskeið fyrir þá sem sitja þingið, einkum fyrir þá sem ekki hafa áður setið á kirkjubingi. Að sjálfsögðu eru þó allir sem sitja þingið velkomnir að taka þátt. Námskeiðið fer fram eftir hádegi föstudaginn 21. október 2022 og verður haldið á Þingvöllum í Þjónustumiðstöðinni.

#### 3. Þingskjöl og önnur gögn. Netföng.

Skjöl kirkjubings eru almennt rafræn. Þingskjöl og fylgiskjöl eru birt á vef kirkjubings [hér](#).

Tilkynningar til kirkjubings eru birtar undir flípanum „Tilkynningar“ á vef kirkjubings. Ávallt er gert viðvart með tölvupósti þegar ný tilkynning hefur verið gefin út.

Kirkjubingsmenn fá tölvupóstfang [@kirkjan.is](mailto:@kirkjan.is) og aðgang að Þjónustuskýi þjóðkirkjunnar en þar er vefútgáfa af Microsoft forritum eins og Outlook, Teams, Word, Excel og fleirum.

Kirkjubing verður með svæði á Teams. Þar verða m.a. önnur skjöl en þingskjöl aðgengileg, teymi verða stofnuð fyrir fastanefndir o.fl. nefndir og spjallþræðir settir upp.

#### 4. Helstu málefni.

Hinn 1. júlí 2021 öðluðust ný [lög um þjóðkirkjuna](#), nr. 77/2021, gildi. Kirkjubing fer nú með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar þ.m.t. fjárstjórnarvald, nema lög kveði á um annað. Nýir fulltrúar eru hvattir til að kynna sér löggjöf þessa en lögin eru stutt og skýr. Í öllum meginatriðum hefur skipulagi kirkjunnar verið breytt til samræmis við lögin og eftir því sem fráfarandi kirkjubingi þótti best á fara. Í því sambandi skal vísað sérstaklega til [þingsályktunar](#) um stjórnskipan kirkjustjórnarinnar sem samþykkt var á aukakirkjubingi 2021. Að mörgu þarf þó enn að huga á komandi kirkjubingi. Fjármál kirkjunnar hafa tekið miklum breytingum þar sem kirkjan ber nú fulla ábyrgð á þeim, sbr. [viðbótarsamning](#) ríkis og kirkju frá 6. september 2019. Fjárhagsstaðan hefur verið þröng og hallarekstur verið á þjóðkirkjunni undanfarin ár. Talsverður árangur hefur þó náðst í að hagræða og draga úr hallarekstrinum. Halda þarf áfram að hagræða og lækka kostnað ef jafnvægi á að nást.

#### 5. Framlagning þingmála.

Þingmál skulu almennt hafa borist forseta kirkjubings fjórum vikum fyrir upphaf þings eða í síðasta lagi **fyrir miðnætti laugardaginn 24. september 2022**. Senda má þingmál á netfangið kirkjuthing hjá kirkjan.is.

## 6. Þjónusta.

Fyrir kirkjuþing starfa og til þjónustu reiðubúin fyrir þingfulltrúa:

- skrifstofustjóri þingsins, Ragnildur Benediktsdóttir, lögfræðingur, sem hefur yfirumsjón með málaskrá, dagskrá þingfunda, uppsetningu mála o.fl. því tengt og annað það sem þarf til að tryggja að þingstörf gangi greiðlega fyrir sig. ragnildur hjá kirkjan.is s. 896 0255.

- lögfræðingur kirkjuþings, Guðmundur Þór Guðmundsson, sem starfar fyrir forseta og forsætisnefnd og semur jafnframt þau þingmál sem nefndin flytur sem og fyrir aðrar nefndir þingsins eftir því sem nánar kann að vera ákveðið. Þá annast lögfræðingur kirkjuþings um útgáfu gerða þingsins og um ýmsar tilkynningar og eftirfylgni eftir því sem þarf. Einnig útgáfu lagagagna á vef kirkjuþings og miðlun annarra upplýsinga. Þá annast hann ráðgjöf til kirkjuþingsfulltrúa og annarra sem að þinginu koma auk margvíslegrar upplýsingamiðlunar o.fl. guðmundur hjá kirkjan.is s. 856 1530

- starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar (biskupsstofuhluta) er varða skjalastjórn, upplýsingatækni, ritarþjónustu, þjónustu við fastar þingnefndir o.fl: fulltrúi, Guðrún Finnbjarnardóttir, sem annast almenn ritarastörf, uppsetningu þingmála, dagskráa, málaskráa, margvísleg önnur tengd verkefni o.fl. verkefnastjóri upplýsingatækni, Hermann Björn Erlingsson, sem annast um allt er lítur að upplýsingatækni fyrir kirkjuþingið og þingfulltrúa, streymi af þingfundum o.fl. verkefnastjóri, Jóna Finnsdóttir, sem skráir gerðabók kirkjuþings o.fl.

Nánari upplýsingar verða veittar þegar nær þinginu dregur.

Reykjavík, 14. júní 2022

F.h. forseta kirkjuþings

Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfræðingur kirkjuþings